



## Þéttleiki skógar

### ALMENNAR UPPLÝSINGAR

**Markmið:** Nemendur kynna ólíkum gerðum skógræktar og tengja það umhirdunni og náttúrulegum þáttum í vaxtarlagi, nýtingu trjáanna og verðmætum. Þjálfar leikni nemenda á vettvangi og eflir hæfni í verklegu námi. Þéttleiki trjáa í skógi mældur og grisjunarþörf metin.

**Námsgreinar:** Samþætting, smíði, náttúrufræði, samfélagsfræði og stærðfræði.

**Aldur:** Miðstig og elsta stig.



### VERKLÝSING

Nemendur eru látnir telja fjölda trjáa innan tiltekins svæðis og finna þannig út meðalfjölda trjáa á hverjum hektara (ha) í skóginum.

Nota þarf málband eða snæri í ákveðinni lengd, s.s. 10 m og telja fjölda trjáa innan t.d. 10 m radíuss. Algengt er að miða við 5,64 m radíus sem svarar til 100 m<sup>2</sup>. Einnig er hægt að nota 10 m snæri og mæla ferning með því. Þá er hægt að nota hæla og strengja snærið á milli þeirra.

Þegar fjöldi liggur fyrir má velta fyrir sér hvaða tré eigi að fara og hver að standa til að skógurinn verði hæfilega þéttur. Skemmd tré, undirmálstré og vargar (stór, plássfrek tré) eru tekin fyrst og síðan er bilið jafnað þar til hæfilegum þéttleika er náð.

Athugið að frekari upplýsingar er að finna í undirbúningskaflanum hér að neðan.

### UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Þéttleiki skógar helgast af markmiðum ræktunarinnar. Í skógrækt þar sem markmiðið er að framleiða sem mest af góðu timbri er þéttleikinn hafður annar en t.d. í landgræðsluskógrækt.

Í timburskógrækt er gjarnan plantað um 3.000 plöntum/ha en í landgræðsluskógrækt um 1.500-2.000 plöntum.

Til að komast að því hversu margar plöntur eru á hverjum ha í skógi eru gerðar mælingar á afmörkuðum svæðum og margfaldað með stærð skógarins.

**Tæki og tól:** Snæri, hælur, blað og blýantur, 10 m málband.